



**Kennari/ar:** Lárus Ágúst Bragason

**Skammstöfun:** LÁB

## Áfangalýsing:

Í þessum áfanga öðlast nemendur þekkingu á helstu atburðum fornaldar og miðalda sem snúa að mótun vestræns samfélags frá landbúnaðarbyltingunni fram til landafundanna. Munu nemendur kynna helstu menningarsamfélögum í Evrópu og þeim breytingum sem áttu sér stað. Einnig munu nemendur kynna sér daglegt líf fólks í Róm og á Grikklandi. Unnið verður með frumheimildir en einnig munu nemendur vinna heimildaverkefni. Lagt er áherslu á að nemendur öðlist ekki eingöngu þekkingu á viðfangsefninu heldur einnig skilning á því. Rætt verður um gildi heimilda og hvernig ber að nálgast heimildir.

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Völdum þáttum úr sögu mannkyns á fornöld og fram yfir miðaldir.
- Algengum hugtökum sem höfð eru um fyrirbæri sögunnar
- Tegundum heimilda og helstu vinnubrögðum við heimildaleit og heimildanotkun
- Tengslum fortíðar og nútíðar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa einfalda sagnfræðilega texta á íslensku
- Tengja samtíðaratburði við það sem áður hefur gerst
- Nota a.m.k. tvær mismunandi gerðir heimilda við verkefnavinnu
- Taka saman skriflega stutta umfjöllun um afmarkað sögulegt efni og kynna fyrir jafningjum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Setja sjálfan sig í samhengi sögunnar sem þátttakandi og skoðandi
- Geta sett sig í spor fólks á öðrum tímum
- Geta tekið þátt í skoðanaskiptum og rökræðum meðal jafningja um sagnfræðileg efni sem tekin eru fyrir í áfanganum.

Til grundvallar liggja eftirfarandi efnisflokkar:

- Notkun og öflun heimilda.
- Upphaf vestrænar menningar
- Fornir menningarheimar
- Miðaldir

- Endurreisn/landafundir/siðskipti (skoðaðar helstu breytingar sem urðu í heiminum um 1500)

Markvisst er unnið að því að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundum heimilda og þjálf þá í notkun þeirra og framsetningu efnis. Lögð er áhersla á að sýna fram á hvernig sagan birtist nemendum í nútímanum.

Saga fornaldar og miðalda gefur nemendum tækifæri að kynna sér líf og starf almennings á mismunandi tímum og að setja sig í spor þeirra.

## Yfirferð

| Vika                  | Námsefni (kennslubók)                                                 | Verkefni og próf                                                                               |
|-----------------------|-----------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 1 (12. – 15. jan)     | Kynning á áfanganum<br>1. Landbúnaðarbyltingin og fljótsdalamenningar |                                                                                                |
| 2 (19.– 22. jan)      | 2. Egyptaland                                                         |                                                                                                |
| 3 (26. – 29. jan)     | 3. Fljótsdalamenning – tækni og trú                                   | Míkróverkefni: Gilgameskviða                                                                   |
| 4 (2.feb –5. feb)     | 4. Upphaf grískrar menningar<br>5. Grískir stjórnhættir               |                                                                                                |
| 5 (9. – 12. feb)      | 6. Goðheimar og heimspeki<br>7. Listir, leikir og hellenismi          |                                                                                                |
| 6 (16. – 19. feb)     | Prófavika                                                             | Próf 1<br>Skilaverkefni                                                                        |
| 7 (23. – 26. feb)     | 8. Róm verður til<br>9. Róm á lýðveldistíma                           |                                                                                                |
| 8 (2.mars – 5. mar)   | Verkefnavika                                                          | Míkróverkefni: Daglegt líf í Róm<br>Skilaverkefni: Daglegt líf í Róm<br>Kátir dagar og Flóafár |
| 9 (9. – 12. mar)      | 10. Róm á keisartímanum<br>11. Upphaf kristni                         |                                                                                                |
| 10 (16. – 19. mar)    | Verkefnavika                                                          | Heimildaverkefni                                                                               |
| 11 (23.– 26. mar)     | 12. Þjóðflutningar og islam<br>13. Lénsskipulag og krossferðir        |                                                                                                |
| 12 (6.– 9. apr)       | Skilaverkefni                                                         | Umsátur Assera um Jerúsalem                                                                    |
| 13 (13. – 16. apr)    | 14. Endurreisn og húmanismi<br>15. Landafundir og vísindabyltingin    |                                                                                                |
| 14 (15. – 19. apr)    | Prófavika                                                             | Próf 2                                                                                         |
| 15 (20. – 23. apr)    | Munnleg próf                                                          | Munnlegt próf                                                                                  |
| 16 (27.apr – 30apríl) | Skilaverkefni                                                         |                                                                                                |
| 17 (4. – 13. maí)     | Lok áfanga og skrap                                                   |                                                                                                |

### Námsefni:

Kennslubók: *Fornir tímar*. Verkefni og glærur á Innu auk ítarefnis frá kennara.

**Sérreglur áfangans:** Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Litið er á vanskil verkefna sem yfirlýsingu um að nemandinn ætli ekki að gera verkefnið. Nemendur fæddir 2006 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama gildir um nemendur með opið vottorð. Þátttaka í tímum og skil á verkefnum er forsenda þess að standast áfangann. Ef verkefni er stolið/tekið frá öðrum fær verkefni 0. Ef grunur er um notkun gervigreindar þarf nemandi að gera munnlega grein fyrir verkefninu og hvernig það var unnið.

### Námsmat:

| Námsmat          | Lýsing                                | Vægi |
|------------------|---------------------------------------|------|
| Próf             | Hlutapróf yfir önnina.                | 30%  |
| Skilamappa       | Spurningar og verkefni upp úr bókinni | 20%  |
| Munnlegt próf    | Munnlegt próf                         | 10%  |
| Verkefni         | Skilaverkefni                         | 20%  |
| Heimildaverkefni | Heimildaverkefni                      | 10%  |
| Flipp            | Flipp                                 | 10%  |

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**

Selfossi 2. janúar 2026, Lárus Ágúst Bragason